



FUNDARGERÐ

**223. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 29. ágúst 2022
og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Hulda Karlsdóttir, Einar Bárðarson, Klara Viðarsdóttir, Anton Kári Halldórsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Hulda Karlsdóttir, .

Nanna Jónsdóttir tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Eggert Valur formaður lagði til að við dagskránnu bætist við liður 9, tilnefning fulltrúa á aðalfund SOS 2022, aðrir liðir færast til í samræmi.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 2022 - 2203022

Rekstraryfirlit janúar - júlí 2022

Rekstraryfirlit frá janúar til júlí lagt fram til kynningar. Reksturinn er í ágætu samræmi við áætlun en fjármagnsliðir hafa hækkað vegna aukinnar verðbólgu.

2. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri - 2101057

Farið yfir ýmis rekstrarmál

Einar Bárðarson fór yfir ýmis rekstrarmál.

Framkvæmdastjóra falið að gera verðkönnun á afsetningu úrgangsefna en núverandi samningur rennur út um næstu áramót.

3. Brennsluofn fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar - 1901058

Lagt fram minnisblað vegna stöðu mála.

Farið yfir stöðu mála með Stefáni Gíslasyni.

Stefán Gíslason situr fundinn undir lið 3.

Stefán Gíslason hjá UMÍS ehf. Environice fór yfir stöðu mála varðandi brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd.

Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu að starfshóp um uppbyggingu förgunar fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar á Strönd og leggja fyrir næsta fund.

4. Móttökustöð og gámaplön á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs - 1904010

Möguleikar á bættri starfsmannaáðstöðu á Strönd.

Möguleikar á móttöku fleiri úrgangsflokka á grenndarstöðvum.

Móttaka fyrir Endurvinnsluna.

Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að úrlausn að bættri flokkun á grenndarstöðvum með tilliti til nýrra laga sem taka gildi 1. janúar 2023. Jafnframt að ræða við Endurvinnsluna um mögulega móttöku á dósnum og gleri. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögu um útfærslu á bættri starfsmannaáðstöðu og áætlaðan framkvæmdakostnað fyrir næsta fund.

5. Starfsmannamál - 1901060

Tímabundin ráðning til áramóta. Samstarf Sorpstöðvarinnar, Vinnumálastofnunar og Viss vinnu- og hæfingarstöð.

Framkvæmdastjóra kynnti tilraunaverkefni í samstarfi við Viss vinnu- og hæfingarstöð. Stjórn lýsir yfir ánægju með verkefnið. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

6. Þjónustukannanir - 2208087

Tillaga að þjónustukönnun

Lögð fram tillaga að spurningum í þjónustukönnun sem leggja á fyrir íbúa. Framkvæmdastjóra falið að fullmóta og senda stjórn lokaútfærslu fyrir birtingu könnunar.

7. Sorphirða - 2203024

Fyrirspurn um sérsöfnun á endurvinnsluefnum frá heimilum.

Úrvinnslusjóður óskar eftir upplýsingum um framkvæmd söfnunar á endurvinnsluefnum á starfssvæði Sorpstöðvarinnar, hvernig henni er háttað í dag og hvernig líklegt sé að hún breytist með þeim lagabreytingum sem samþykktar voru á alþingi í júní 2021 um flokkun, endurvinnslu, úrvinnslugjald o.fl. Framkvæmdastjóra falið að taka saman upplýsingarnar.

8. Flokkun á lífrænum úrgangi - 1901057

Bokashi gerjun - styrkur frá Umhverfis, orku og auðlindaráðuneytinu.

Sorpstöð Rangárvallasýslu eru aðili að þróunarverkefninu Bokashi-gerjun sem fékk styrk að upphæð 12,5 m.kr. frá Umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytinu. Framkvæmdastjóri vinnur áfram að framvindu verkefnisins með samstarfsaðilum.

9. Aðalfundur SOS 2022 - 2208089

Tilnefning fulltrúa á aðalfund SOS 2022

Stjórn samþykkir að Eggert Valur Guðmundsson verði aðalmaður á aðalfundi SOS og Nanna Jónsdóttir varamður.

10. Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands - 2203021

Aukaaðalfundur SOS

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.

Eggert Valur Guðmundsson

Nanna Jónsdóttir

Tómas Birgir Magnússon